

Byrjendalæsi

SKÓLAÞRÓUNARSVIÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

3.tbl., 2. árg. Áb. Trausti Þorsteinsson

Nóvember 2008

Starfið í vetur

Í vetur taka sextán skólar þátt í Byrjendalæsi. Kraftur er í starfinu í vetur og kennarar leggja mikinn metnað í verkefnið. Á Akureyri taka fimm skólar þátt í verkefninu, Lundarskóli, Oddeyrarskóli, Síðuskóli, Glerárskóli og Giljaskóli sem bættist í hópinn í haust ásamt Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit. Á Akranesi halda bæði Brekkubæjarskóli og Grundaskóli áfram í verkefninu. Í Reykjavík taka nú þátt auk Fellaskóla sem byrjaði í fyrravetur, Borgaskóli, Breiðagerðisskóli og Laugarnesskóli. Akurskóli í Reykjanesbæ heldur áfram samvinnu. Í Borgarfirði eru skólarnir þrír með fjórar starfsstöðvar; Grunnskólinn í Borgarnesi, Grunnskóli Borgarfjarðar, sem er á Kleppjárnsreykjum og Hvanneyri og Varmalandsskóli. Þeir voru allir með í verkefninu í fyrra.

Þar sem þátttökuskólum fjölgar í Byrjendalæsinu fjölgar líka leiðtogum sem starfa með kennurum og sinna ráðgjöf. Í haust hóf Þóra Rósa Geirsdóttir störf sem sérfræðingur HA og sinnir hún ráðgjöf við kennara í Lundarskóla og Síðuskóla. Jenný Gunnbjörnsdóttir sinnir ráðgjöf við Glerárskóla, Giljaskóla og Fellaskóla. Sóley Sigurþórsdóttir heldur áfram að sjá um skólana í Borgarfirðinum og Ásta Egilsdóttir sinnir sem fyrr ráðgjöf við Grundarskóla. Með henni starfar nú á Akranesi Guðrún Guðbjarnardóttir sem sinnir ráðgjöf í Brekkubæjarskóla. Í hóp leiðtoga bættust einnig í haust Guðrún Edda Bentsdóttir sem sinnir ráðgjöf í Laugarnesskóla og Breiðagerðisskóla, Vala Bragadóttir sem sinnir ráðgjöf í Borgaskóla, Anna Guðmundsdóttir sem sér um Hrafnagilsskóla og þær stöllur Rannveig Sigurðardóttir og Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir sem sjá um starfið í Oddeyrarskóla. Auk þess sem leiðtogar sinna ráðgjöf þá sjá þeir um smiðjur í samráði við ráðgjafa HA.

Í Reykjavík og á Akureyri hafa verið haldnar tvær smiðjur það sem af er vetri. Annað fyrirkomulag er á Vesturlandi, fleiri en styttri smiðjur. Að mati okkar sem að smiðjunum stóðu tókst nokkuð vel til með fyrirkomulag þeirra og framkvæmd. En okkur er þó ljóst að þarfir kennara eru nokkuð ólíkar hvað varðar umfjöllunarefni. Gott væri að fá frá ykkur stuttar athugasemdir t.d. í tölvupósti, um hvernig smiðjurnar hafa nýst ykkur í starfi. Það væri gagnlegt þar sem við endurskoðum námskrána jafnóðum með endurbætur að markmiði.

Við ráðgjafar HA höfum nú farið í heimsóknir í skólana út um landið og þökkum kærlega fyrir góðar móttökur og skemmtilega fundi.



Frá ritstjórn

Ágætu kennarar, oddvitar, leiðtogar og stjórnendur. Hér fáið þið í hendur 3. tölublað vefritsins *Byrjendalæsi*. Í ritinu er að finna efni sem ráðgjafar HA hafa aflað á ferðum sínum út í skólana og einnig fengið sent frá kennurum. Einnig eru sérstök svið læsis tekin til umfjöllunar og rætt um það sem er á döfinni. Kennurum og leiðtogum er þakkað aðsent efni og þess vænst að þeir nýti áfram þennan vettvang til að deila með öðrum góðum hugmyndum og vel heppnuðum verkefnum. Efni má senda á netföngin jennyg@unak.is, rosa@unak.is eða thgeirs@unak.is.

Byrjendalæsisblaðið er sent í tölvupósti til þeirra sem vinna eftir aðferðum Byrjendalæsis í 1. – 4. bekk og eru í samskiptum við skólaþróunarsvið HA. Umsjón með efni hafa Jenný Gunnbjörnsdóttir, Rósa Eggertsdóttir og Þóra Rósa Geirsdóttir.

Á döfinni

Næsta námskeið fyrir leiðtoga I verður 26. janúar á Akureyri og fyrir leiðtoga II á Vesturlandi 28. janúar.

Næstu smiðjur á Akureyri verða 9. febrúar. Í Reykjavík verður smiðja 23. febrúar.

HA skilar niðurstöðum úr Læsi I til skóla um miðjan desember.



Nú fer jólamánuður í hönd og óskum við ykkur öllum gleðilegra jóla og þökkum samstarfið á árinu.

Rósa, Jenný og Þóra Rósa

Efni í blaðinu:

FRÁ RITSTJÓRN	1
STARFIÐ Í VETUR	1
Á DÖFINNI	1
HLUTVERK LYKILORDS	2
RÁÐ ÚR SKÓLASTOFU	2
STÖDVAVINNA, HRINGEKJUR OG VERKEFNI	3
FRÁ KENNUM	3
AÐ LÆRA MED ADSTOD MÁLSINS:	4
HEIMANÁM	4
GULLKORN	4

Hlutverk lykilorðs

Lykilorð er fulltrúi nýrrar þekkingar. Í lykilorði er að finna einkenni þess sem kennari ætlar nemendum að tileinka sér.

Stafir og hljóð. Ef um innlögn stafapars er að ræða t.d. *já*, þá notar kennari orð í texta vikunnar sem felur í sér þessa stafi. Hér gæti lykilorðið verið *sjálfur*, *járn* eða *mjálma*. Kennari skrifar orðið á flettistöflu sjálfur, les orðið hægt yfir, segir hvert hljóð og bendir á stafi um leið. Fyrsti er lesið: s-j-á-l-f-u-r. Næst gæti kennari lagt yfir s-bókstaf og lesið j-á-l-f-u-r og spurt í leiðinni hvort -jálfur sé orð. Þannig gerir hann koll af kolli, leggur yfir bókstafi, les og fær nemendur með sér. Hann getur farið fram og til baka í orðinu en ekki breytt röð á bókstöfum strax. Fljótlega stöðvast kennari við -já- og gefur þeim stöfum meiri athygli. Les hvað þeir segja saman og hvor um sig – skoðar með bekknum hvornig þeir eru í laginu o.fl.

Á meðan börnin eru enn að læra stafi og hljóð er mestur þungi í vinnu með lykilorðið það **stafapar** sem dregið er fram. Á því stigi er unnið mikið með hljóðkerfisvitund og form stafa og orða. Lykilorði má einnig nýta sér í fjölbreyttari vinnu en bara stafur og hljóð. Dæmi um þætti þar sem nýta má lykilorð við innlögn:

- ◇ tenging tveggja hljóða
- ◇ hljóðgreining: forhljóð, lokahljóð, miðhljóð
- ◇ sundurgreining hljóða: *Sjálfur* > *s-j-á-l-f-u-r*
- ◇ hljóðtenging: *s-j-á-l-f-u-r* > *sjálfur*
- ◇ Samsett orð,
- ◇ ng/nk reglan,
- ◇ stór og lítill stafur,
- ◇ greinir, fallbeyging,
- ◇ eintala og fleirtala,
- ◇ samstöfur – klapp,
- ◇ réttiritun
- ◇

Hér gildir sama og fyrr, lykilorðið er valið þannig að það sýni dæmi um námsmarkmið. Mikilvægt er að nýta lykilorðið í fjölbreyttri vinnu, sem allt í senn getur aukið orðaforða, tilfinningu fyrir tungumálinu og bætt stafsetningu. Oft gefast stuttar stundir sem ekki hafa rými fyrir heilt verkefni. Þær stundir geta orðið dýrmætar fyrir vinnu af þessu tagi.

ÞRG/RE



Hlutverk lykilorðs

Ráð úr kennslustofu, að finna orð í orðinu: Eftir að kennari hefur skoðað lykilorðið með bekknum er gott að láta nemendur hafa orðið í lausum stöfum eða ljósritað og nemendur klippa stafi lausa. Nemendur búa svo til ný orð með því að færa til stafi og skrifa orðin í bók. Gott samvinnuverkefni, oftast gengur betur ef tveir hjálpast að. Ef vinna með lykilorð fer alltaf fram með stórum hópi nemenda er hættá á að einhverjir verði ráðandi og aðrir sitji hljóðir hjá.

f e r ð a l a g

s a u ð u r

f i s k u r

j ó l a s k ó r

Stöðvavinna, hringekjur og verkefni með kennsluáætlunum

Hringekjuform hefur verið algengt í verkefnavinnu. Þetta form felur í sér skipulag sem að sumu leyti hentar bekkjarstarfi. Ýmsir ókostir fylgja þó hringekjunni. Oftast fara allir nemendur á allar stöðvar, ef ekki á sama degi, þá síðar. Líklegt er að á sumum stöðvum fá nemendur ekki nám við hæfi. Sumir kennarar nefna mikið rót þegar allir skipta um stöðvar, annars staðar gengur skipting vel. Í hringekju er hætt við að sumir nemendur nái sjaldnast að ljúka við verkefni og læri – án þess að nokkur hafi sett það á dagskrá – að það sé í lagi að ljúka *ekki* verkefnum.



Stöðvavinna er stundum samheiti við hringekjur, þó ekki alltaf. Mælt er með því að á stöðvum komi verkefnið frekar til nemenda en að þeir fari á milli stöðva eftir klukkunni. Með þessu móti verður unnt að hafa verkefni áfram misjöfn og stjórna því hverjir fá hvað til að vinna með – og þannig mæta betur einstaklingsþörfum.

Orðaforði Ríkur orðaforði er mikilvæg forsenda (les) skilnings. Gæðatexti er iðulega ríkur af orðum sem börn heyrja ekki daglega. Það er því mikilvægt að kennarar sjái til þess að orðaforðinn sem unnið er með komi *aftur og aftur fyrir í sibreytilegum viðfangsefnum* í öllum fösum byrjenda-læsis.

Að lokum Mæli með að kennarar hafi í huga að viðfangsefnið þurfa helst að vera skemmtileg í viðri merkingu. Borið hefur á að verkefni séu heft saman – og verði þannig að „vinnubók”. Þið kennara um að hafa í huga að slíkt getur (þarf ekki) leitt til aukinnar einstaklingsvinnu nemenda, grynri hugarvinnu og hætt er við að eyðufyllingar fari að njóta sín á ný. Vinnubók kallar einnig eftir því að henni sé lokið, sem er ekki endilega á færi allra og þar með dregur úr möguleikum á verkefnum við hæfi. RE

Hlutverk lykilorðs

Ragna Finnsdóttir í Akurskóla sendi okkur mynd af verkefnum sem nemendur hennar unnu um samsett orð. Unnið var með bókina *Drekinn sem varð þálreiður*.

Tvenns konar verkefni eru hér á ferð, annað er *Gefa og taka* og hitt þjálfar nemendur í að sjá hvernig samsett orð skiptast.



Proskafarli hugsunar hjá barni er háð því hvernig barnið nær tökum á samskiptatækinu, það er málinu.

Vygotsky



Að læra með aðstoð málsins: Hugsað upphátt - sem námsaðferð

Hvernig er aðferðin?

Hugsað upphátt er aðferð sem sýnir hvernig góðir lesarar byggja upp merkingu út frá texta.

Þegar kennarar nota *hugsu upphátt aðferðina*, eru þeir að sýna hvernig þeir fara að því að ná merkingu úr texta. Þeir gera það með því að orða hugsanir sínar á meðan þeir lesa.

Hvers vegna að nota aðferðina?

Að hugsu upphátt hægir á lestrarferlinu og nemendum gefst tækifæri á að heyra og sjá hvað góðir gera þegar þeir lesa.

Hvernig á að standa að kennslunni?

Veldu stuttan en krefjandi texta til að sýna lestraraðferðir eða veldu texta sem nemendur eiga almennt erfitt með að skilja. Veldu 3 til 5 aðferðir til að sýna.

Skodaðu textann, settu þér markmið, ákveddu hvaða hugmyndir eru mikilvægar, sjáðu fyrir þér, tengdu textann við þig, annan texta og umheiminn, stjórnaðu hraðanum, skildu, ályktaðu o.s.frv.

Lestu fyrir nemendur, stoppaðu annað slagið til að orða það sem fram fer í huga þér á meðan þú lest, til að ná betur fram merkingu.

Hugsað upphátt—stigskiptur stuðningur

- Kennari hugsar upphátt, nemendur hlusta.
- Kennari hugsar upphátt, nemendur aðstoða hann.
- Nemendur hugsu upphátt í hópi, kennari og aðrir nemendur hjálpa þeim.
- Einstakir nemendur hugsu upphátt svo aðrir heyri; aðrir nemendur hjálpa.
- Nemendur almennt hugsu upphátt einstaklingslega (og skrifa hjá sér um leið hvað þeir eru að hugsu) og bera svo saman við glósur annarra nemenda.
- Kennari eða nemendur hugsu upphátt munnlega, skriflega, á limmiða eða í dagbók.

Wilhelm, J. D. (2001). *Improving Comprehension with Think-Aloud Strategies: Modeling What Good Readers Do*. New York: Scholastic Professional Books. Þýtt: RE



Heimavinna

Byrjendalæsi byggir á fjórum stoðum, það er *lestri, hlustun, ritun og tali*.

Í heimavinnu getum við nýtt sömu stoðir og verið með fjölbreytta og einstaklingssmiðaða vinnu ekki síður en í skólafunni.

Það má búa til spil, fara á bókasafn, vinna með lykilorð, safna orðum, hlusta, segja frá, gera myndasögu o.s. frv.

Með slíkum verkefnum fæst góð tenging við það starf sem unnið er í skólanum og tækifæri fyrir foreldra til að fylgjast betur með sögunni sem unnið er með hverju sinni.

Í framhaldi af umræðu um heimavinnu sem var á smiðjum í september hafa margir kennarar prófað í samvinnu við heimilin nýjar hugmyndir og leiðir.

Við hvetjum kennara til að senda okkur stuttar frásagnir af vel heppnuðu heimanámi sem þeir hafa lagt fyrir nemendur sína.

